

Hliðsnesi, 1. febrúar 2017.

Garðabær, bæjarskrifstofur
Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur
Garðatorgi 7
225 Garðabær

Efni: Sjóvarnir á Hliðsnesi

Afrit: Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Erla Bil Bjarnardóttir umhverfisstjóri.

Ágæti Eysteinn.

Við undirrituð, íbúar á Hliðsnesi, förum þess á leit við bæjarstjórnina í Garðabæ að farið verði sem fyrst í það verkefni að tryggja sjóvarnir á Hliðsnesi. Sem kunnugt er hefur átt sér umtalsvert landrof undanfarin ár á nesinu sunnanverðu og hefur núverandi vetur verið sérstaklega slæmur. Er nú svo komið að vegurinn hingað hefur lokast og/eða orðið illfær af völdum landburðar af grjóti og þangi í nokkur skipti. Fjörukamburinn sjálfur hefur í vetur færst langt inn á land, eða um að minnsta kosti fimm metra, og er kominn alveg upp að veginum á kafla, en tíð sunnan og suðvestan hvassviðri samhliða óvenju hárrí sjávarstöðu í vetur hafa valdið þessu. Þetta er ekki óalgengt og dæmi eru þess fyrir nokkrum árum að fjörukamburinn færðist sjö metra inn á land á einni nóttu.

Hafist var handa við sjóvarnir á Hliðsnesi vestanverðu á sínum tíma og gerður hár varanargarður kringum vestan- og suð-vestanvert nesið, að vör sem er fyrir neðan húsið að Hliðsnesi 2 (merkt með rauðu á korti). Síðan þá hefur orðið mikið landbrot á þeim kafla sem er í framhaldi af varnargarðinum og að litlum túnblett nokkru austar þar sem varnargarðurinn heldur áfram (merkt með grænu á korti). Á kafla er fjörukamburinn kominn að hluta upp á veginn eða alveg upp að honum og gengur sjór, grjót og þang yfir veginn við áður nefndar aðstæður (merkt með svörtu á korti). Eins er sjávargangur yfir veginn a stuttum kafla nokkru austar (merkt með gulu á korti). Er svo komið að ekki má lengur bíða með þessar úrbætur.

Tillaga okkar er sú að vegna landfræðilegra aðstæðna sé best að framhald sjóvarnargarðsins fylgi þeirri grænu línu sem dregin er á meðfylgjandi kort, þar sem hún fylgir landinu að mestu leiti eins og það var áður en landbrotið hófst. Landið við og fyrir innan grænu línuna er mun hærra heldur en fjaran þar fyrir utan og því þarf ekki að koma til eins dýrrar og mikillar framkvæmdar og ella. Samhliða þessu þarf að ýta núverandi fjörukambi út á við um nokkra metra til að skapa aftur pláss fyrir veginn og hugsanlega hækka fjörukambinn eitthvað svo sjór sem hugsanlega lekur inn fyrir varnargarðinn verði þar í tjörn. Þar sem hér er ekki um óbrotna úthafsöldu að ræða er ekki þörf á garði

af þeirri stærðargráðu sem fyrri sjóvarnargarður er og því ekki um mjög dýra framkvæmd að ræða, en miðað við áætlun um kostnað við sjóvarnir annars staðar á Álftanesinu á árunum 2003-2006 var áætlaður meðal kostnaður á hvern lengdarmetra sjóvarnargarða 27.600 kr. Eins er þörf á að hækka örlíttð grjótgard austar á nesinu (merkt með gulu) en það er minniháttar framkvæmd.

Það er ósk okkar að farið verði í athugun á þessu máli eins fljótt og unnt er með það í huga að hægt verði að hefjast handa næstkomandi haust er varptíma fugla á svæðinu er lokið. Það er líka ósk okkar að verkið verði gert í nánú samráði við íbúa Hlíðsness vegna hins viðkvæma fuglalífs og þekkingar þeirra á svæðinu.

Tengiliður okkar í þessu máli er Þór Saari Hlíðsnesi 6, sími 892 0294, netfang saari@centrum.is.

Með vinsemd og virðingu:

Ólafur Tryggvason
Halla Stefánsdóttir
Hlíðsnesi 1



Elías Pétursson
Guðni Bergur Elíasson
Hlíðsnesi 2




Valgerður Guðmundsdóttir
f.h.h. Heiða Karlsdóttir
Hlíðsnesi 3



Kristrún Sveinbjörnsdóttir
Gunnar K. Pálsson
Hlíðsnesi 2



Anna Marín Kristjánsdóttir
Gunnlaugur Þór Sigurjónsson
Hlíðsnesi 4



Vignir Skúlason
Hlíðsnesi 6b



Þór Saari
Hlíðsnesi 6

